

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogskaupstað.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru stöður bifreiða bannaðar á götunum Vogatunga—Dalbrekka.

Bæjarfógetinn í Kópavogi, 1. júlí 1969.

Sigurgeir Jónsson.

3. júlí 1969.

Nr. 209.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 3. júlí 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sjúkrahússjóður Höfðakaupstaðar. Starfssvið hans er Höfðahreppur í Húnavatnssýslu með þeim takmörkum, sem hann hefur í árslok 1947.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2000.00 — tvö þúsund krónur —, er kvenfélagið Eining í Höfðahreppi hefur afhent honum.

3. gr.

Sjóðurinn tekur með þakklæti móti gjöfum og áheitum eða öðru styrktarfé, og leggst það allt við stofnfé og myndar höfuðstól sjóðsins, sem ávaxta skal í Sparisjóði Húnavatnssýslu á Blönduósi, eða annarri tryggri peningastofnun.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skal jafnan falin þrem konum búsettum í Höfðakaupstað. Skal starfandi ljósmóðir kaupsinsins ávallt sjálfkjörin í stjórnina, en meðstjórnendur hennar kys Kvenfélagið Eining. Skulu þær konur kosnar til fjögurra ára, og ganga úr á víxl á tveggja ára fresti, í fyrsta sinn 1949, og þá eftir hlutkesti. Leggist félagið niður skulu meðstjórnendur kosnir af þeim konum búsettum í Höfðahreppi, sem náð hafa 18 ára aldri.

5 gr.

Stjórn sjóðsins annast allar framkvæmdir hans. Hún skal halda gerðabók, skal færa í hverja þeirra skipulagsskrá sjóðsins, enn fremur alla reikninga, er sjóðinn varða, fundargerðir stjórnarinnar, eignaskrá, í lok hvers reikningsárs, sem er almanaksárið, og annað það, er varðar hag sjóðsins. Hlotnist sjóðnum minningargjafir um látna menn eða konur, skal einnig færa í gerðabókina árlega sérstaka

nákvæma skrá yfir þær. Kvenfélaginu Eining ber að kjósa tvo endurskoðendur reikninga sjóðsins, og skulu þeir hafa erftirlit með að skipulagsskrá hans sé fylgt. Þeir skulu vera búsettir í Höfðakaupstað.

6. gr.

Markmið sjóðsins er að heita sér fyrir og styrkja sjúkrahúsbyggingu í Höfðakaupstað, einnig megi verja sjóðnum til annarra heilbrigðismála hér í Höfðakaupstað.

7. gr.

Þegar sjóðurinn, að dómi sjóðsstjórnar, er orðinn nægilegur til að hefja sjúkrahúsbyggingu, skal þegar byrja á byggingunni.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir Sjúkrahússjóð Höfðakaupstaðar frá 3. október 1947.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðina.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningar- og Líknarsjóð Kvenfélags Laugarnessóknar, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 7. júlí 1969.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningar- og Líknarsjóð Kvenfélags Laugarnessóknar, Reykjavík.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningar- og Líknarsjóður Kvenfélags Laugarnessóknar.

2. gr.

Sjóðurinn var stofnaður af fjölskyldunni á Laugarnesvegi 50, til minningar um látna systur og mágkonu, Rannveigu J. Einarsdóttur, er dó 7. janúar 1946. Stofnfé sjóðsins var kr. 1000.00 (eitt þúsund krónur).

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúka félaga eða aðra, sem félagskonur langar til að gleðja, þegar þrengir að.

4. gr.

Tilgangi sínum hyggst sjóðurinn að ná með því að auka stofnféð á þann hátt að gefa út minningarkort, halda hlutaveltu, bazar og þess háttar.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 konur og 2 til vara. Starfstími þeirra skal vera eitt ár í senn. Kosnar skulu þær vera á aðalfundi félagsins, er halda skal í febrúarmánuði ár hvert. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Tveir endurskoðendur skulu kosnir á aðalfundi ár hvert, og skulu þeir starfa árlangt, eins og stjórnin.